

Berserkseyri

Viðbætur

Eftirfarandi viðbætur við örnefnaskrá Berserkseyrar skráði Bjarni Sigurðsson 27. maí 1978.

Viðbjóður (148). Áður þúfnastykki hallandi til suðurs frá gamla bæjarstæðinu. Mun hundum hafa verið gjarnt að ganga þangað örna sinna.

Kvíar (149) voru á Kvíabarðinu (93).

Bæjarhóllinn (150). Vegna meintra jarðabóta var honum ýtt út og jafnað við jörðu, þannig að þar sem hann áður var, er nú aðeins „bunga“ umhverfis spennistöð vegna heimtaugar rafmagns.

Bingir (151) voru smáþýfðir móar ofanvert við Veituna (8).

Móabarð (152). Uppblásið moldarbarð fyrir ofan Hvamminn (95).

Bakkaflöt (153). Neðanverðu við Veituna meðfram sjávarbakkanum að Ármótum (10).

Hundaþúfa (154) var á Hvörfunum (103) ofanvert við Kýrstapann (114).

Votamýri (155) neðan við tún Berserkseyrar innri og náði frá Merkjakletti (23) meðfram Bakkaflöt austur að Veitu.